

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum

Ráðstafanir vegna COVID-19

Uppfært 25.03.2020

Í samræmi við opinber tilmæli og til þess að leggja okkar að mörkum til þess að hefta útbreiðslu á COVID-19 mun Tónlistarskólinn á Egilsstöðum gera eftirfarandi ráðstafanir í kennslu á meðan samkomubann og breytt fyrirkomulag á skólahaldi er í gildi.

Hreinlætis- og sóttvarnarráðstafanir

Nemendur eiga að **þvo sér um hendur** fyrir og eftir hvern tónlistartíma. Spritt verður í öllum stofum til sótthreinsunar á höndum.

Salerni eru merkt þeim sem eiga að nota þau. Nemendur í 1.-6 bekk og nemendur sextán ára og eldri nota merkt salerni á tónlistarskólaganginum, nemendur í 7.-10. bekk nota salerni niðri við hliðina á lyftunni, á móti fatahenginu.

Nemendur eiga að nota sín eigin **hljóðfæri og útbúnað**, þar með talið gítara, sé þess nokkur kostur. Trommuleikarar koma með sína eigin kjuða. Nemendur koma með eigin skriffæri og námsgögn. Nemendur skulu ekki lána öðrum hljóðfæri sín. Ekki eru notaðir míkrofónar í söngkennslu. Kennarar sjá um að þrifa snertifleti, þar á meðal hljóðfæri og annan búnað sem nemendur nota. Snertifletir eru þrífir á milli ólíkra hópa sem fá kennslu í sama rými. Nemendum sem ekki hlýða fyrirmælum um að snerta ekki óviðkomandi útbúnað eða að halda fjarlægð frá öðrum er vísað úr tíma.

Nemendur Tónlistarskólans koma **inn um aðalinngang** Egilsstaðaskóla utanfrá. Nemendur mega koma beint úr Egilsstaðaskóla. Nemendur af yngsta stigi nota lyftu til að koma þaðan, nemendur af miðstigi nota glergang og stiga. Nemendur eru ekki sóttir í tíma. Aðalinngangur er læstur til kl. 13:00 og eftir að skólastjórnendur hafa yfirgefið skólann.

Starfsmönnum og nemendum sem eru veikir eða hafa fengið tilmæli um að fara í sóttkví er óheimilt að koma í skólann.

Kennsla

Kennsla í einkatímum í söng og hljóðfæraleik fara fram að mestu með óbreyttu sniði. Viðbúið er að sumir tímar verði kenndir í fjarkennslu og verða kennarar ykkar eða barna ykkar í sambandi við ykkur varðandi það.

Hópkennsla færast yfir í fjarkennslu eða fellur niður. Við ákvörðun um það hvaða tímar falla niður er tekið tillit til eðlis tímana og hvort fjarkennsla sé líkleg til árangurs.

Leyfi: Foreldrar geta fengið leyfi fyrir börnin sín hvenær sem er á þessum tíma og eins nemendur eldri en 18 ára fyrir sig sjálfa. Þó er minnt á að skrá leyfin í Schoolarchive eða að láta kennara vita með öðrum hætti, við fáum ekki upplýsingar frá Egilsstaðaskóla um leyfi nemenda.

Fjarkennsla: Á næstu vikum verður í auknum mæli boðið upp á fjarkennslu í Tónlistarskólanum. Munu kennarar vera í sambandi við nemendur og foreldra varðandi útfærslu á því. Lítum við á þetta sem spennandi tækifæri til frampróunar og til þess að bæta þjónustu skólans til framtíðar. Hafið samband við kennara ef þið hafið áhuga á fjarkennslu.

Hóptímar og æfingar í samkomubanni-með fyrirvara um breytingar

Fjarkennsla	Tímar sem falla niður
Söngdúett-8.bekkar stelpur	Lúðrasveit Fljótsdalshéraðs
Söngur 3b. - Samkennsla	Skólahljómsveit Fljótsdalshéraðs
Söngur 4b. - Samkennsla	Forskóli 1A
Söngur 6b. - Samkennsla (miðvikudagshópur)	Forskóli 1B
Söngur 7b. - Samkennsla	Forskóli 1C
Axlabandið	Forskóli 2 - Lúðrahópur
Tónfræði G1-A (Tryggvi)	Forskóli 2 - Trommuhópur
Tónfræði G1-B (Berglind-verða þri. 14:00)	Forskóli 2A - Ukulele (Frikki)
Tónfræði G2-A (mánudagur)	Forskóli 2B - Ukulele (Berglind, þri.)
Tónfræði G2-B (miðvikudagar)	Forskóli 2C - Ukulele (Berglind, mið.)
Tónfræði G2-Fullorðnir (mánudagar)	Hljómsveit
Tónfræði G2-Fullorðnir (fimmtudagar)	Litla hljómsveit
Tónfræði G3	Stúlknakórinn Liljurnar
Tónfræði G3-Fullorðnir	Slagverkssamspil-eldri
Tónfræði M1	Slagverkssamspil-yngri
Tónheyrn M1	Sönghópur 6. bekkar (föstudagshópur)
Tónfræði M2	
Tónheyrn M2	